

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 48 16 apríl 1963.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. ásamt frv. um breyt. á jarðræktarlögum (131. mál), en þessi tvö frv. eru flutt samhliða og mjög skyld. Nefndin varð ekki á eitt sátt um afgreiðslu þeirra. Létu framsóknarmennirnir í nefndinni þó uppi, að þeir væru samþykkir aðalatriðum frumvarpsins, en munu skila séráliti og bera fram brtt.

Jarðræktarlögin hafa verið í endurskoðun, fyrst hjá nefnd, sem búnaðarþing setti til þess starfa, og afgreiddi búnaðarþing síðan frumvarp frá sér. Síðar hafa frv. búnaðarþings endurskoðað í nefnd, er landbúnaðarráðherra skipaði. Það frv. var síðan til athugunar hjá ríkisstjórninni, og eru þau tvö stjórnarfrv.: um breyt. á stofnlánadeildarlögum og breyt. á jarðræktarlögum, sem nefndin hafði til athugunar á fundi sínum, árangur þeirrar athugunar, sem samkomulag hefur orðið um með stjórnarflokkunum að fá lögfest í Alþingi. En þessi frv. veita miklu meiri stuðning til ræktunarmála en lagt var til með áður nefndum frv. Áætlað var, að aukin útgjöld skv. því frv. næmu um 15 millj. kr. á ári, en skv. þessum frv. ríkisstjórnarinnar munu árleg útgjöld verða um 20 millj. kr.

Þegar jarðræktarlögin voru sett 1923, var það meginmarkmið þeirra að hrinda af stað ræktunaröldu í landinu. Allar ræktunarframkvæmdir nutu sama stuðnings, hvar sem þær voru gerðar og hvort sem þær voru í meiri eða minni mæli. Síðar hafa þessi megin sjónarmið breytzt nokkuð. Stafar það bæði af því, að framkvæmdahugur hefur farið stórum vaxandi og getan vaxið mjög hjá einstaklingunum og að viðhorf hafa skapast vegna mismunandi markaðs- og samgönguaðstöðu. Þannig hefur stuðningur jarðræktarlaganna í seinni tíð verið sveigður inn á þá braut að vera viðleitni ríkisvaldsins að jafna aðstöðu bænda til búskapar. Ræktunin og þá heyöflunin er undirstaðan. Í seinni tíð hefur framlag til ræktunar verið mismunandi hátt eftir túnstærð býla, verið mun hærra á ræktun á býlunum með litlu túnin. Þetta frv. byggist á þessu sjónarmiði, og er nú gert stærra átak en nokkurn tíma fyrr með ræktunarstuðningi til þess að skapa grundvöll að lífvænlegri afkomu á flestum býlum landsins með því að færa aukastuðningsmarkið upp í 25 ha. túnstærð á býli. Um þessa stefnu, að sveigja jarðræktarstuðninginn, sem upphaf sitt á í jarðræktarlögum 1923, í þá átt að vera markvis viðleitni ríkisvaldsins til þess að jafna búrekstraraðstöðu býlanna í landinu, virðist ekki teljandi ágreiningur. En stjórnarandstaðan leitast þó við að gera lítið úr þessum frumvörpum.

Framsóknarmenn hamra sífellt á því og m. a. mjög við 1. umr. þessara mála á Alþingi, að í tíð núverandi ríkisstj. hafi stuðningur við ræktunina og landbúnaðinn verið vanræktur. Er því rétt að rifja upp nokkrar breyt., er gerðar hafa verið á þessum tvennum lögum síðustu árin. 1960 var ákveðið, að 25 þús. kr. byggingarstyrkur, sem veittur var til byggingar íbúðarhúsa á nýbýlum, skyldi einnig ná til endurbygginga á jörðum hjá efnalitlum bændum. Hefur það ákvæði síðan verið ómetanlegur stuðningur mörgum efnalitlum bónda. Þá var einnig framlengt um 4 ár, til ársloka 1964, ákvæðið um aukastuðning við ræktun upp að 10 ha. á býli, en upphaflega var því ákvæði aðeins ætlað að gilda til ársloka 1960. Árið 1961 er stuðningurinn til íbúðarhúsabygginga aukinn í 40 þús. kr. Á síðasta Alþingi var svo ræktunarmarkmið fært úr 10 ha. í 15 ha., sem hærra framlags nýtur, og byggingarstyrkur hækkaður í 50 þús. kr. til íbúðarhúsa hjá þeim bændum, sem hafa meðaltekjur eða lægri. Með þeim tveimur frv., er nú liggja fyrir, er svo gert stórfellt átak til stuðnings landbúnaðinum og stærra en áður hefur verið gert í einu.

Minna má á það, að við lögfestingu aukastyrks á tún litlu býlanna 1957 vildu framsóknarmenn ekki ganga lengra en í 10 ha. Landbúnaðarráðherra þeirra þá, Hermann Jónasson, talaði um óskalista, sem væri ekki hægt að taka í alvöru, ef lengra ætti að ganga. Nú, þegar þeir eru ekki í stjórn og bera ekki ábyrgð, þá er hægt að gera lítið úr því, sem er margfalt við það, sem þeir lögðu til, er þeir báru ábyrgð á fjármálunum og stjórn landsins.

Nefndin tekur ekki afstöðu til breytingartillagna við frv., sem fram hafa komið, en leggur til, að frv. á þskj. 235 verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 22. febr. 1964.

Gunnar Gíslason,
form.

Benedikt Gröndal,
fundaskr.

Jónas Pétursson,
frsm.